

## Janus endurhæfing

Endurskoðuð útgáfa 21.12.2012 af skýrslu  
Embættis landlæknis  
sem gerð var í september 2012

Mars 2013

## Inngangur

Embætti landlæknis var falið af velferðarráðuneytinu að leggja mat á hvort núverandi notendur þjónustu Janusar endurhæfingar (JE) uppfylli skilyrði um atvinnutengda starfsendurhæfingu, skv. 11. gr. laga um atvinnutengda starfsendurhæfingu eða hvort þeir þurfi fremur á annarri þjónustu að halda.

- Embætti landlæknis óskaði í bréfi til JE, dags. 24. ágúst 2012, eftir eftirtöldum upplýsingum um:
- Alla núverandi notendur þjónustunnar: Nafn, kennitölu, heilsuvanda og ástæður þess að viðkomandi er í starfsendurhæfingu og meðferðaráætlun.
- Hver er meðaltími hvers einstaklings í starfsendurhæfingunni.
- Hversu margir hafa farið út á vinnumarkaðinn á sl. 3 árum og hafi haldist þar.
- Hversu margir hafa komið aftur í starfsendurhæfingu á sl. 3 árum.
- Hvort talið er að öllum notendum þjónustunnar nýtist hún eða væri sumum betur borgið innan heilbrigðisþjónustunnar og/eða með félagslegum virkniúrræðum þar sem þeir eru ekki tilbúnir að takast á við atvinnutengda starfsendurhæfingu.

Þann 13. september 2012 fóru Geir Gunnlaugsson landlæknir, Anna Björg Aradóttir sviðsstjóri, Laura Sch. Thorsteinson verkefnisstjóri/hjúkrunarfræðingur og Salbjörg Bjarnadóttir verkefnisstjóri/ geðhjúkrunarfræðingur að skoða JE og funda með framkvæmdarstjóra Janusar Kristínu Siggeirsdóttur og öðrum geðlækni staðarins, Ómari Hjaltasyni.

## Upplýsingar frá JE

JE er starfs- og atvinnuendurhæfing sem hefur að markmiði að hjálpa fólki sem hefur fallið út úr skóla eða af vinnumarkaði vegna langvinnra veikinda, slysa eða atvinnumissis að komast aftur út á vinnumarkað og/eða í skóla.

Tilgangur starfsendurhæfingarinnar er að auka almenna færni í daglegu lífi, bæta lífsgæði, draga úr afleiðingum fötlunar og fyrirbyggja varanlega örorku.

Sérstaða JE felst í því að viðhöfð er læknisfræðileg atvinnuendurhæfing með sérstaka sérhæfingu á sviði geðlæknisfræði, þar sem stór hluti notenda er með geðrænan og/eða félagslegan vanda.

Hjá JE starfa 29 manns með þverfaglega menntun sem nýtist vel, m.a. lækna (þar af tveir geðlækna í hlutastarfi), félagsráðgjafar, sálfræðingar, iðjubjálfar, sjúkraþjálfarar, kennarar og aðrir stuðningsaðilar. Einn af hornsteinum nálgunarinnar er mikil og þétt teymisvinna fagaðila. Einnig er um að ræða víðtækt samstarf við framhaldsskóla, VIRK og vinnumarkaðinn. Atvinnuendurhæfing JE er til húsa í Tækniskólanum, skóla atvinnulífsins. Þátttakendur fá atvinnuendurhæfingu í raunumhverfi ásamt því að fá hjálp sérfræðinga á heilbrigðissviði þegar þörf krefur.

Tilvísun hefur fjölgað jafnt og þétt og ekki er hægt að sinna öllum og því var stofnað greiningar- og matsteymi sem fer yfir allar umsóknir og forgangsraðar þeim. Meðan einstaklingur bíður eftir að komast á þá endurhæfingarbraut sem hentar er boðið upp á stuðningsviðtöl og oft þarf einnig að gera endurhæfingarmat fyrir Tryggingastofnun. Meiri hluti þeirra sem kemur í starfsendurhæfingu hjá JE hefur átt við geðrænan vanda að etja eða orðið fyrir erfiðum áföllum. Góð samvinna er á milli Geðsviðs Landspítalans (LSH) og JE. Ávallt er einnig hópur af notendum með tvígreiningar þar sem áfengis- og vímuefnanotkun er stór vandi. Leitast er við að fá þá einstaklinga til að takast sérstaklega á við þann vanda sinn m.a. í samstarfi við geðsvið áður en þeir hefja endurhæfingu sína þar sem mikilvægt er að þeir séu allsgáðir (edru) í endurhæfingunni. Flestar beiðnir/tilvísanir koma frá sérfræðilæknum eða yfir 90% og mikil samvinna er við sérfræðilækna á geðsviði LSH. Í kjölfars samdráttar í endurhæfingu fyrir geðsjúka innan LSH hefur hluti þeirra starfsendurhæfingar sem fram fór á LSH færst yfir til JE. Nefna má að 80% nýskráðra þátttakenda árið 2011 var með geðræn vandamál sem fyrstu sjúkdómsgreiningu, sem hefur orðið til þess að JE hefur fastráðið tvo geðlækna í hlutastarf, sem sinna meðferðarvinnu (greining, samtöl, lyfjameðferð).

Innan JE eru fimm endurhæfingarbrautir þ.e. iðjubraut, einstaklingsbraut, skólabraut, heilsabraut og vinnubraut. Þær eru mislangar og gera mismiklar kröfur til einstaklinganna eftir því hvernig þeir höndla álag. Gert er ráð fyrir að þátttakendur fari á milli brauta eftir þörfum og getu. Lögð er áhersla m.a. á daglega iðju, handverk, slökun, fræðslu, ýmis hagnýt námskeið svo sem sjálfseflingarnámskeið, og líkamsrækt.

Meðaltími er einstaklingsbundinn frá nokkrum vikum upp í 18 mánuði. Sumir komast fljótt inn í skóla eða vinnu og nýta sér JE sem ákveðið skjól meðan aðrir eru mun lengur í endurhæfingu. Allir hafa sinn tengilið úr starfshópnum sem gerir áætlun og metur með notanda hvernig hann nýtir sér brautirnar og býður upp á viðtöl og hópvinnu. Lögð er áhersla á eftirfylgd og gott sambandi við tilvísandi meðferðaraðila. Sumir nýta sér einnig önnur úrræði meðfram endurhæfingunni eins og Vin eða Hugarafl til að forðast einmanaleika.

Þeir þátttakendur sem fá starfsendurhæfingu hjá JE eru með erfið og margslungin vandamál, sem krefjast læknisfræðilegrar íhlutunar. Ljóst er að í dag þarf JE að veita mun meiri heilbrigðisþjónustu heldur en lagt var upp með í byrjun starfseminnar. Þátttakendur í dag eru 224 talsins.

Kristín og Ómar lögðu ríka áherslu á að þeir einstaklingar sem kæmu í starfsendurhæfingu hjá JE ættu í framhaldinu auðveldara með að sjá sig í vinnu eða skóla og að lífsgæði þeirra hefðu batnað. Hins vegar væri ávallt lítil hópur sem yrði áfram óvirkur á atvinnumarkaði en lífskjör bötunðu hjá þeim einstaklingum og þeir gætu haldið áfram að fá þjónustu JE. Með því móti ættu þeir auðveldara með sinna daglegum athöfnum, eiga samskipti við aðra og öðluðust aukinn skilning á mikilvægi þess að hafa reglu á daglegu lífi. Heildarárangur starfseminnar frá árinu 2000 - 2011 er 50% sem er framar björtustu vonum að þeirra sögn.

Hver einstaklingur kemur í langflestum tilfellum einungis einu sinn í endurhæfingu og ef miðað er við alla þátttakendur sem lokið hafa endurhæfingu, þá er meðaltími í endurhæfingu 15,9 mánuðir. Einungis fjórir einstaklingar hafa komið oftar á þeim 11 árum sem JE hefur starfað.

Þar sem starfsemin er að stórum hluta fjármögnuð með þjónustusamningi við velferðarráðuneytið og VIRK hefur stundum komið upp ákveðinn ágreiningur um hverjir eiga að borga hvað fyrir þá þjónustuna sem þarf að veita. Það vill stjórn JE að verði skýrt af stjórnvöldum. Lítið er svo á að starfsendurhæfingin sem veitt er sé þjóðfélagslega hagkvæm því hver sá sem menntar sig eða fer að vinna kostar samfélagið minna til framtíðar.

Talið er að langflestum þátttakendum nýtist þjónustan, en ef ljóst þykir að einstaklingum henti ekki endurhæfingin í JE er þeim undantekningalaust vísað í önnur úrræði, enda er vinna greiningar- og matsteymis framkvæmd með það í huga strax í upphafi.

Í heild má segja að mikilvægt sé að geta boðið einstaklingum með erfið geðræn vandamál upp á viðeigandi samþætta og samfellda þjónustu. Talið er að það sé grunnforsenda þess góða árangurs sem náðst hefur í JE og að það undirstriki að stafsemin eigi heima innan heilbrigðiskerfisins.

## Upplýsingar frá geðsviði LSH

Rætt var við fagfólk á geðsviði LSH sem bar JE góða sögu og taldi að mjög mikilvægt væri fyrir marga þá sem hefðu fallið út af vinnumarkaði eða skóla tímabundið að fá þann stuðning sem JE hefði upp á að bjóða. Hjá JE væri margt vel menntað fagfólk sem hefði gott næmi fyrir skjólstæðingum sínum. Einnig væri mjög gott fyrir fólk sem lengi hefur átt við geðrænan vanda

að stríða að fá tækifæri til endurhæfingar utan sjúkrahúss. Eins væri til fyrirmyndar hvernig starfsfólk JE fylgdi fólki eftir út á vinnumarkað og í skóla. Hins vegar væri stundum löng bið sem væri erfitt að brúa og þá er ávallt lítill hópur langveikra sem þyrfti enn meiri þjónustu og þá vantaði úrræði. Það er góð samvinna á milli fagfólks á geðsviði LSH og JE.

### Mat Embættis landlæknis

JE býður upp á fjölbreyttar brautir sem virðast koma vel til móts við ólíkar þarfir þeirra sem þangað leita. Greinilegt er að stærsti hópurinn sem talinn er hæfur til að taka þátt í starfsendurhæfingunni á fullt erindi þangað. Beitt er heildrænni nálgun, sem sérstakri áherslu á sálfélagslega nálgun.

Mikill metnaður er hjá starfsfólkinu að ná vel til notenda starfsendurhæfingarinnar, finna styrkleika þeirra og hjálpa þeim til sjálfshjálpar. Þannig er stuðlað að því að þeir fái aukið innsæi og aukna trú á eigin getu og eflist í að taka sjálfstæðar ákvarðanir um eigið líf. Það er nauðsynlegt fyrir alla þá sem af einhverjum ástæðum hafa misst tökin á lífi sínu að þeir sem sinni þeim hafi úthald og trú á að einstaklingur geti breytt mynstri sínu. Það krefst fagmennsku og úthalds að sinna langveikum einstaklingum og virðist það hafa tekist vel hjá fagfólki JE. Samfella í þjónustu og eftirfylgd virðist vera góð og mikið samstarf viðhaft við ólíkar stofnanir og samtök.

Húsnæðið á Skúlagötu 19 var skoðað og allar aðstæður eru góðar, húsnæði bjart og það setur skemmtilegan blæ á umhverfið hvernig þau endurnýta ýmsa hluti. Heimasíða starfsendurhæfingarinnar er upplýsandi og sýnir vel þá þjónustu sem í boði er.

### Niðurstaða Embættis landlæknis

Það er mat Embættis landlæknis að notendur þjónustu JE falli undir skilyrði fyrir þjónustu starfsendurhæfingarsjóða, skv. 11. gr. laga um atvinnutengda starfsendurhæfingu. Í þeirri grein kemur fram að skilyrði fyrir þjónustu starfsendurhæfingarsjóðs er að einstaklingur búi við heilsubrest sem hindrar fulla þátttöku hans á vinnumarkaði og að hann stefni að endurkomu á vinnumarkað eða að auka þátttöku á vinnumarkaði svo fljótt sem verða má. Ennfremur er það skilyrði að einstaklingurinn hafi þörf fyrir þjónustuna, hún sé til þess fallin að auðvelda honum að fara aftur til vinnu og líkleg til árangurs á þeim tíma sem hún er veitt. Þá er það skilyrði að einstaklingurinn hafi vilja og getu til að taka markvissan þátt í atvinnutengdri starfsendurhæfingu og fylgja þeirri áætlun sem þar er sett fram.

Þörfum viðkomandi einstaklinga er vel sinnt innan JE af fagfólki með þekkingu, metnað, umhyggju og virðingu fyrir þeim sem til þeirra leita. Ekki er sjáanlegt í fljótu bragði að aðrar stofnanir gætu uppfyllt þeirra þarfir að þessu leyti betur. Heppilegra getur verið fyrir notendur að sækja endurhæfingarþjónustu utan geðdeilda með áherslu á að auka innsæi og lífsgæði og þar með draga úr upplifun einstaklinganna að sjá sig sem sjúklinga og þannig koma í veg fyrir hugsanlega stimulun. Ekki er hvað síst mikilvægt að þjónusta þá sem búa við fjölþættan vanda og þurfa á að halda langtímaendurhæfingu. Slíkt getur aukið lífsgæði þessa fólks og einnig verið þjóðhagslega hagkvæmt þar sem það er þá virkara og þarf hugsanlega minna á heilbrigðisþjónustu að halda til lengri tíma litið.

Ljóst er að stór hluti þeirra sem nýta sér þjónustu Janusar hafa átt við langvinna flókna erfiðleika að stríða og þurfa á umtalsverðri sérhæfðri heilbrigðisþjónustu að halda til að geta haft gagn af virkri starfsendurhæfingu. Áætla má að um helmingur þeirra þurfi slíka heilbrigðisþjónustu áður en virk starfsendurhæfing getur hafist og sumir munu ávallt þurfa stuðning frá heilbrigðisþjónustunni til að hægt sé að viðhalda lífsgæðum þeirra eða bæta þau. Því er mjög mikilvægt að góð samvinna og traust ríki á milli Janusar endurhæfingar og heilbrigðisþjónustunnar, einkum geðsviðs LSH þar sem stór hluti notendanna hefur fengið þjónustu á bráða- og endurhæfingardeildum geðsviðsins.